

Könnun á áformum um uppbyggingu ljósleiðara aðgangsneta

I. Inngangur

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021, er stofnuninni heimilt að kanna áform um uppbyggingu eða uppfærslu fjarskiptaneta. Tilgangur slíkrar könnunar er að leiða í ljós hvar stendur ekki til, a.m.k. á þeim tímapunkti þegar könnunin fer fram, að byggja upp fjarskiptanet á markaðsforsendum.

Með bréfi dags. 13. mars 2024, óskaði fjarskiptasjóður eftir því að Fjarskiptastofa framkvæmi áformakönnun skv. 2. mgr. 11. gr. Fjarskiptasjóður óskar eftir því að Fjarskiptastofa kalli eftir áformum fjarskiptafyrirtækja og opinberra aðila um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta á þéttbýlisstöðum og í byggðakjörnum fyrir árslok 2026.

Fjarskiptastofa hefur sent þeim fjarskiptafyrirtækjum sem reka fjarskiptanet hér á landi og öllum sveitarfélögum bréf um áformakönnun þessa. Þetta skjal er birt á heimasíðu Fjarskiptastofu í þeim tilgangi að gefa öllum aðilum sem kunna að hafa áform um lagningu ljósleiðara-aðgangsneta, kost á að senda inn upplýsingar um áform sín, óháð því hvort viðkomandi aðili fékk fyrrgreint bréf eða ekki.

Skorað er á alla aðila sem hafa áform um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsnets fyrir árslok 2026 að senda Fjarskiptastofu upplýsingar um áformin, sbr. nánari útlistun hér að neðan.

II. Lagaheimild

Áformakönnun byggir á 2. og 3. mgr. 11. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021, en þar segir:

Fjarskiptastofu er heimilt að bjóða aðilum að lýsa yfir áformum um uppbyggingu eða uppfærslu neta skv. 1. mgr. á viðkomandi svæði innan umræddra tímamarka. Berist Fjarskiptastofu slík yfirlýsing getur stofnunin kannað hvort aðrir aðilar hafi áform um uppbyggingu á viðkomandi svæði. Stofnunin skal í boðum sínum tilgreina þær upplýsingar sem fylgja skulu yfirlýsingum aðila.

Fjarskiptastofa skal afhenda, að gættum trúnaði, hlutaðeigandi stjórnvöldum sem fara með úthlutun opinbers fjármagns til útbreiðslu háhraðaneta og gerð svæðisbundinna áætlana yfirlýsingar um áform skv. 2. mgr. enda ber þeim að taka tillit til upplýsinga skv. 10. gr. og ákvæði þessu. Þá skal Fjarskiptastofa taka mið af ákvæði þessu við framkvæmd verkefna sinna á sviði tíðniúthlutana og alþjónustu.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. sömu laga getur Fjarskiptastofa krafið fjarskiptafyrirtæki um ýmsar upplýsingar og þar á meðal eru upplýsingar um uppbyggingaráform.

III. Framkvæmd könnunar og upplýsingar sem óskað er eftir

Fjarskiptastofa hefur kortlagt útbreiðslu ljósleiðara-aðgangstenginga í gagnagrunni sínum og eru gögn þar að lútandi uppfærð tvisvar á ári. Kort sem sýnir m.a. aðgengi að ljósleiðara má sjá í vefsíðu Fjarskiptastofu: <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=fjarskiptastofa>

Sú staða sem fram kemur í gagnagrunni Fjarskiptastofu er útgangspunktur áformakönnunar. Fjarskiptastofa óskar eftir upplýsingum um áform um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta til þeirra staðfanga sem ekki hafa slíka tengingu skv. upplýsingum í gagnagrunninum. Meðfylgjandi er Excel skjal þar sem listuð eru þau staðföng sem ekki hafa ljósleiðaratengingu. Svarendur eru beðnir að fylla inn í skjalið og merkja við þau staðföng sem þeir hyggjast tengja við ljósleiðara fyrir árslok 2026. Fyrir hvert viðkomandi staðfang þarf að tilgreina:

- a) að ljósleiðari verði lagður,
- b) hvaða ár
- c) hvort gert sé ráð fyrir að notendur greiði sérstakt gjald fyrir að fá ljósleiðara lagðan að byggingu og/eða tengdan og ef svo er hver upphæð slíkra gjalda er.

Með uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsnets að staðfangi er átt við að lagningu ljósleiðara sé lokið, a.m.k. að húsvegg, og að notandi sem þess óskar geti fengið virka tengingu innan fárra daga. Við mat á því hvort uppbygging sé gerð á markaðsforsendum verður litið til þess hvort kostnaður notenda við að fá heimtaug lagða að staðfangi og/eða tengda sé meiri en almennt tíðkast á sambærilegum svæðum.

Aðilar sem hafa áform um uppbyggingu á umræddu tímabili skulu styðja svar sitt með gögnum sem staðfesta áformin. Slík gögn geta t.d. verið:

- a. Ákvörðun stjórnar
- b. Framkvæmdaáætlun með tímasetningum
- c. Fjárfestinga/viðskiptaáætlun
- d. Framkvæmdaleyfi og leyfi fyrir afnotum af landi

Ef fullnægjandi gögn sem styðja við yfirlýsingar um uppbyggingaráform fylgja ekki svari, áskilur Fjarskiptastofa sér rétt til þess að vísa viðkomandi yfirlýsingu um áform frá.

Til stendur að framkvæma áformakönnun þessa í einni umferð og ekki er gert ráð fyrir að kannað verði frekar hvort aðrir aðilar hafi áform á viðkomandi svæðum, eins og heimilt er skv. 2. mgr. 11. gr.

Hafi aðili engin áform um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta á árunum 2024-2026 er óþarft að fylla út Excel skjalið, en staðfesta ber í svari að engin áform séu til staðar.

Öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa gjaldskrá eða mótaða framkvæmd um gjaldtöku fyrir lagningu og/eða tengingu ljósleiðaraheimtauga, eftir atvikum svæðisskipta, skulu senda afrit af slíkum gjaldskrá og/eða upplýsa um framkvæmd viðkomandi gjaldtöku.

IV. Skylda til að svara og veita réttar upplýsingar

Samkvæmt g. lið 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskiptastofu getur Fjarskiptastofa krafist fjarskiptafyrirtæki um upplýsingar í tengslum við landfræðilegar kannanir á útbreiðslu fjarskiptaneta og áformum um uppbyggingu fjarskiptaneta. Með vísan til þessa ákvæðis gerir Fjarskiptastofu þá kröfu að þau fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet hér á landi svari könnuninni.

Öðrum aðilum er gefinn kostur á að upplýsa um áform og eru allir slíkir aðilar hvattir til þess að svara könnun þessari, svo heildstæð mynd fái af fyrirhugaðri uppbyggingu næstu ára.

Bent er á að stjórnvaldssektir geta legið við því að afhenda ekki fullnægjandi og réttar upplýsingar um uppbyggingaráform, sbr. r. lið 1. mgr. 103. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022.

V. Skilafrestur

Skila ber öllum upplýsingum og fylgigögnum til Fjarskiptastofu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en kl. 12:00, föstudaginn 13. apríl nk.

Skila skal gögnum inn á eftirfarandi svæði: [Gögn til Fjarskiptastofu \(fjarskiptastofa.is\)](https://gjogn.fjarskiptastofa.is).

VI. Úrvinnsla upplýsinga

FST mun vinna úr þeim gögnum sem berast og kortleggja hvar er að vænta háhraða ljósleiðaraaðgangstenginga fyrir árslok 2026. Í samræmi við 3. mgr. 11. gr. mun Fjarskiptastofa afhenda, að gættum trúnaði, hlutaðeigandi stjórnvöldum sem fara með úthlutun opinbers fjármagns til útbreiðslu háhraðaneta og gerð svæðisbundinna áætlana. Viðkomandi stjórnvöld munu nota upplýsingarnar við stefnumótun um hugsanlegan stuðning við uppbyggingu fjarskiptaneta þar sem áformakönnun leiðir í ljós að uppbyggingar er ekki að vænta á markaðslegum forsendum á næstu árum.

Upplýsingar um uppbyggingaráform með tilgreiningu einstakra fyrirtækja verða ekki birt opinberlega.

VII. Valkvæðar spurningar

Samhliða áformakönnun vill Fjarskiptastofa gefa aðilum kost á því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi tiltekin atriði.

1. Viðmið um markaðsbrest.

Við mat á því hvort uppbygging sé gerð á markaðsforsendum verður litið til þess hvort kostnaður notenda við að fá heimtaug lagða að staðfangi og/eða tengda sé meiri en almennt tíðkast á sambærilegum svæðum. Samhliða áformakönnun er kallað eftir almennum gjaldskrár fyrirtækja fyrir lagningu og tengingu ljósleiðara-aðgangstenginga. Fjarskiptastofa óskar eftir sjónarmiðum aðila um hvað eigi að teljast eðlileg viðmið um tengigjöld í tengslum við mat á áformum á markaðsforsendum.

2. Annað.

Svarendum er gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi framkvæmd þessarar könnunar og úrvinnslu hennar.

Ef frekari upplýsinga er þörf á meðan á könnun stendur má senda fyrirspurnir á sigurjon@fjarskiptastofa.is. Fyrirspurnir skulu berast eigi síðar en kl. 12:00 þann 5. apríl nk. Fjarskiptastofa mun birta fyrirspurnir og svör á vefsíðu sinni svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en kl. 12, þann 9. apríl nk.

- Staðfangaskrá til útfyllingar